

# Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd  
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir  
Dags. 1. nóvember 2023  
Mnr. 2019060036



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - framlenging samkomulags um afnot af húsnæði Ísafjarðarbæjar að Vallargötu 3

Í árslok 2023 rennur úr gildi samkomulag um afnot Kómedíuleikhússins að Vallargötu 3, efri hæð. Umræddur samningur var gerður árið 2019, og snýr að endurgjaldslausum afnotum af meginhluta hæðarinnar, þ.e. öllu nema stóra bókaherberginu. Slökkvistöð er á neðri hæð.

Kómedíuleikhúsið er með hljóðver í húsinu, nýta það til æfinga og reglulegra námskeiðshalda, og hefur óskað eftir áframhaldandi afnotum.

Í samningnum eru engar skyldur á Ísafjarðarbæ til sérstaks viðhalds eða endurbóta, en sveitarfélagið greiðir þó allan kostnað af húsinu, s.s. fasteignagjöld, tryggingar, rafmagn og hita. Heildarkostnaður af húsinu hefur verið um 420-450 þús. árlega vegna þessara liða (miðast við allt húsið), en viðhald og annar breytilegur kostnaður frá 80.000-3.600.000 árlega, eftir viðhaldspörf hverju sinni (miðast við tímabilið 2017-2023).

Óskað er eftir afstöðu menningarmálanefndar til þess hvort endurnýja eigi samninginn, en eigi svo að vera er lagt til við nefndina að sameina ákvæði samnings þessa við samning milli Ísafjarðarbæjar og Kómedíuleikhússins sem gerður var í upphafi árs 2023, og gildir til loka árs 2025. Sá samningur kveður á um skyldur leikhússins til að halda sýningar á 17. júní, um jól, og fyrir börn og eldri borgara, gegn mánaðarlegri greiðslu.

Eðlilegra og einfaldara væri að einungis einn samningur væri milli sveitarfélagsins og leikhússins og að þeir hefðu sama gildistíma. Sjá meðfylgjandi drög að viðauka. Efnislega eru ákvæðin þau sömu og í gildandi samning.